

## GJALDSKRÁ

### fyrir kattahald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2007.

1. gr.

Gjald fyrir að halda kött í Sveitarfélaginu Ölfusi skv. 1. mgr. 4. gr. samþykktar um kattahald í Sveitarfélaginu Ölfusi skal vera kr. 2.650 á árinu 2007.

Gjaldið greiðist á gjalddaga, 1. apríl en eindagi er 30. apríl.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.544 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.090 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Ölfusi frá 25. ágúst 2005 og gildir fyrir árið 2007.

*Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, 30. nóvember 2006.*

**Ólafur Áki Ragnarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2007